

Hulda Kristjánsdóttir

From: Helga Sighvatsdóttir <helga@tonar.is>
Sent: mánudagur, 16. september 2024 15:01
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Tónlistarskóli Árnesinga - Ósk um fjölgun klst. frá hausti 2024
Attachments: Flóahreppur v. viðbótarkvóta 2024 - 2025.pdf

Heil og sæl

Innritun nýnema er nær lokið núna í haust og ljóst að auka þarf kennslukvóta Flóahrepps um 1 klst svo koma megi til móts við nemendur sem eru að fara úr hálfu námi í heilt (miðað við eðlilega námsframvindu) og að taka nemanda af biðlista.

Meðfylgjandi er formleg ósk til Flóahrepps um aukinn kennslukvóta.

Með von um góðar undirtektir,
Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri
861 9687

Tónlistarskóli Árnesinga
Eyravegi 9, 800 Selfossi
Sími: 482 1717
Netfang: tonar@tonar.is
Veffang: www.tonar.is

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

Selfossi 16. september 2024

Efni: Ósk um aukna tónlistarkennslu í Flóahreppi frá hausti 2024.

Innritun nýnema er nær lokið núna í haust.

Vegna biðlista í tónlistarnám er núna þörf fyrir aukinn klukkustundafjölda og óskar skólinn eftir að fá að fjölga kenndum klst. úr 16,5 í 17,5 klst., eða um 1 klst. frá fyrra ári.

Ástæða aukningar eru nemendur sem fóru úr hálfu námi í heilt (eðlilegt m.v. námsframvindu) og viðbót af biðlista. Enginn nemandi er á biðlista sem stendur.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 836.000 kr. á ári. (Innifalið í kostnaði eru auk einkakennslunnar m.a. allir tónfræðitímar, samspil og hljómsveitastarf og allur annar launatengdur kostnaður vegna kennslunnar).

ATH. Sveitarfélagið greiðir aðeins fyrir þær stundir sem nýtast. Ef skólinn þarf ekki leyfðan fjölda klst. (t.d. ef nemendur hverfa frá námi) fækkar greiddum klst.

Með von um góðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri